

1874.

27. febrúar.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á landshöfðingjahúsinu.

Með bréfi, dagsettu 5. desbrm. f. á., hafði þér, herra landshöfðingi, sent hingað reikning yfir kostnaðinn við aðgjörð þá á landshöfðingjahúsinu, sem fram fór á árinu sem leið, og hafði þér stungið uppá, að greiða megji það fê, sem varið hefir verið til þessa fram yfir það, sem ætlaðt var á, og sem er 127 rd. 28 sk., af þeirri upphæð, sem ætluð var til óvissra útgjalda á reikningsárinu, sem leið; jafnframt getið þér þess, að eigi sè enn lokið við aðgjörðina á hliðinu, en til þess voru ætlaðir 40 rd.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið leyfir, að taka megji fyrnefndar upphæðir, sem samtals eru 167 rd. 28 sk. af því fê, sem ætlað er til óvissra útgjalda á yfirstandandi reikningsári, og sem yður eru fengin ráðin yfir, með því jarðabókarsjóðs-reikningurinn er miðaður við 31. desbrm. f. á., og verður því eigi þessi kostnaður greiddur af þeirri upphæð, sem ætlað var til óvissra útgjalda á reikningsárinu, sem liðið er, enda er þegar búið að verja öllu því fê.

27. febrúar.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækku á jarðarafgjöldum.

Með bréfi, dagsettu 29. nóvbrm. f. á., hafði þér, herra landshöfðingi, sent hingað skoðunargjörð yfir jarðirnar Eystri-Lynga, Fagradal, Nýjabæ og Efri-Steinsmýri, sem heyra undir Kirkjubæjar og Þykkvabæjar-klausturs góz, og hafði þér mælt fram með því, samkvæmt uppástungu hlutadeiganda umboðsmanns, að landsetum á þessum jörðum verði veitt sú lækku á afgjaldinu af jörðunum, sem hér skal getið:

1. Landsetanum á Eystri-Lyngum, Ólafi Sveinssyni, veitist enn fremur um þrjú hin næstu ár sú linu, sem honum var veitt